

12. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði, 11.12 2018, kl. 13:30

Mættir allir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórun Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. Fjármál

- a) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi
- b) Fjárhagsáætlun Ársala bs, 2019

3. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019

4. Þrjú ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020-2022

5. Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2018

- a) Umsögn Fljótsdalshéraðs dags. 13.11 2018
- b) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 22.11 2018

6. Kárahnjúkavirkjun og tengd málefni, fulltrúar Landsvirkjunar mæta á fundinn

7. Samningur við Óbyggðasetur Íslands

8. Málarekstur 5 sveitarfélaga gegn Jöfnunarsjóði og íslenska ríkinu

9. Bréf og erindi

- a) Jöfnunarsjóður dags. 01.11 2018
- b) Reiknisskila-og upplýsinganefnd dags. 07.11 2018
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga, boðun aukaaðalfundar

10. Fjárbeiðnir

Stígamót

11. Umhverfisstyrkir

- a) Hjörtur E Kjerúlf , Hrafnkelsstöðum
- b) Gunnar Gunnarsson v. Hjarðabóls
- c) Höskuldur Már Haraldsson, Hóli
- d) Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði
- e) Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2

- f) Arna Björg og Steingrímur , Valbjófsstaður 1
- g) Hallgrímur og Anna Bryndís , Brekku (Skriðuklaustur)

11. Menntastyrkir

- a) Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku
- b) Sigríður Björnsdóttir, Droplaugarstöðum

12. Fundargerðir

- a) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 23.11 2018, ásamt uppfærðum samningi
- b) Skólaskrifstofa Austurlands 23.11 20018
- c) Samgöngunefnd SSA 25.10 2018
- d) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökullspjóðgarðs 23.10 2018

13. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita

Rekstur gistihúsa og tjaldsvæðis við Végarð hefur verið auglýstur í leigu frá og með 1. janúar n.k. Fasteignasalan Domus annast auglýsingu og tekur við umsóknum. Auglýsing birtist í Dagskránni og á fasteignavef Domus, umsóknarfrestur er til 20. desember. Jafnframt hefur verið samið við Domus um að vinna sölumat á eignunum.

Fljótsdalshreppur hefur keypt ársaðgang að netkennsluvef (netkennsla.is) . fyrir 4 sveitarstjórnarmenn.

2 umsóknir úr Fljótsdal um styrki úr potti stefnumótandi byggðaáætlunar hlutu ekki framlög.

Sýslumaðurinn á Austurlandi minnir á að sækja þurfi um leyfi vegna fyrirhugaðra áramótabrenna , ekki síðar en 13.desember.

Austurbrú hefur gefið út áfangastaðaáætlun Austurlands. Áætlunina er hægt að kynna sér hér:

https://www.dropbox.com/s/qneb9qpwmlopslf/181201_%C3%81fangasta%C3%B0urinnAusturland_DMP_DIGITAL.pdf?dl=0

Fyrirtækið Hrafshóll ehf óskar eftir samstarfi við sveitarfélög um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, eða annars húsnæðis sem þörf er á. Hrafshóll hefur t.a.m. unnið að byggingu íbúðarhúsnæðis í Vík í Mýrdal.

Veraldarvinir hafa áhuga á samstarfi um vinnu erlendra sjálfboðaliða.

Vegna nýrra laga um lögheimili hefur Þjóðskrá tilkynnt sveitarfélögum að hætt verði að taka á móti flutningstilkynningum frá sveitarfélögum landsins , hvort sem þær eru á pappír eða í rafrænar.

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið kynnir samráðsmál nr. 237/2018- Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Umsagnarfrestur er til og með 21.12 2018. Oddvita falið að senda inn umsögn sveitarfélagsins um mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert á því svæði sem um ræðir.

2. Fjármál

- a) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi.

Við endurskoðun á áætlun Brunavarna fyrir árið 2019 lækkar framlag Fljótsdalshrepps og verður 2.580.155 kr. Samþykkt svo breytt áætlun.

- b) Fjárhagsáætlun Ársala bs, 2019.

Kynnt, ekki er gert fyrir fjárframlögum frá sveitarfélaginu.

3. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019.

Áætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Áætlaður rekstrarafgangur A og B hluta með afskriftum er 392 þús. Afskriftir 29,7 millj. Helsta fyrirhuguð fjárfesting er bygging skemmu/áhaldahúss, sem ekki varð af árið 2018

4. Þriggja ára fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020-2022

Áætlun borin upp og samþykkt samhljóða.

Áætlanir gera ráð fyrir jákvæðum rekstri öll árin. Fjárhagsleg viðmið sem sveitarfélögum eru sett þ.e. varðandi jafnvægisreglu og skuldareglu eru uppfyllt. Engin lántaka er fyrirhuguð.

5. Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2018

- a) Umsögn Fljótsdalshéraðs dags. 13.11 2018. Kynnt.

- b) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 22.11 2018. Kynnt.

Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 13. 11 2018. Fram kemur að Fljótsdalshérað gerir ekki athugasemdir við framkomna vinnslutillögu vegna breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps.

Athugun Skipulagsstofnunar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi er lokið og brugðist hefur verið við þeim ábendingum sem fram komu við athugun stofnunarinnar.

Breyting á aðalskipulaginu er gerð vegna 4ra nýrra efnistökusvæða í tengslum við fyrirhugaða Kröflulínu 3.

Með vísan í 1. mgr.36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 4.6.3 í skipulagsreglugerð samþykkir sveitarstjórn að auglýsa tillöguna.

6. Kárahnjúkavirkjun og tengd málefni, Sindri Óskarsson stöðvarstjóri og Árni Jón Óðinsson, mættu á fundinn kl. 15:00

Sindri og Árni fóru yfir ýmis mál er tengjast rekstri virkjunarinnar, s.s helstu framkvæmdir 2018 og fyrirhugaðar framkvæmdir 2019, sumarrennsli Jökulsár í Fljótsdal, aurskolun, bakkavarnir, uppgræðslu, varnargirðingar, samstarf við veiðifélag Lagarfljóts, eftirlit

Orkustofnunar, niðurstöður HSPA úttektar og breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps er varða að frágengið haugsvæði verður nýtt sem efnistökusvæði fyrir Kröflulínu 3.

Eftir umræður og kaffihlé, var Sindra og Árna þökkuð koman og viku þeir af fundi kl. 15:50

7. Samningur við Óbyggðasetur Íslands.

Samningurinn er til 2 ára og kynntur og samþykktur af sveitarstjórn. Oddvita falið að skrifa undir.

8. Málarekstur 5 sveitarfélaga gegn Jöfnunarsjóði og íslenska ríkinu

Fyrir liggur dómur í Landsrétti. Deilt er um reglur um úthlutun úr Jöfnunarsjóði ríkisins og er Fljótsdalshreppur eitt fimm sveitarfélaga sem höfðuðu mál á hendur íslenska ríkinu vegna skerðingar framlags úr Jöfnunarsjóði vegna árána 2013-2016. Lex lögmansstofa hefur farið með málið fyrir hönd sveitarfélaganna. Niðurstaða Landsréttar er að íslenska ríkið er sýknað af kröfum sveitarfélaganna, en málskostnaður milli aðila felldur niður í héraði og fyrir Landsrétti.

Sveitarstjórn samþykkir að áfrýja málinu til Hæstaréttar og að LEX lögmansstofa fari með málið.

9. Bréf og erindi

- a) Jöfnunarsjóður dags. 01.11 2018. Kynnt.
- b) Reiknisskila-og upplýsinganefnd dags. 07.11 2018. Kynnt.
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga, boðun aukaaðalfundar.

Verður haldin 14 desember á Egilsstöðum. Kynnt.

10. Fjárbeiðnir

Stígamót. Hafnað.

11. Umhverfisstyrkir

- a) Hjörtur E Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum.
Samþykktur hámarksstyrkur.
- b) Gunnar Gunnarsson v. Hjarðabóls.m/umboð frá Gunnari Þórarinssyni ábúanda Hjarðabóls
Samþykktur hámarksstyrkur.
- c) Höskuldur Már Haraldsson, Hóli.
Samþykktur hámarksstyrkur.
- d) Þorsteinn Pétursson, Víðivallagerði
Samþykktur hámarksstyrkur.
- e) Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2

Samþykktur hámarksstyrkur.

- f) Arna Björg og Steingrímur , Valbjófsstaður 1

Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

- g) Hallgrímur og Anna Bryndís , Brekku (Skriðuklaustur)

Meðal annars er sótt um styrk til kaupa á haugsugu. Umhverfisstyrkir eru ekki veittir til vélakaupa. Styrkbeiðni vegna annara verkefna sem tilgreind eru í umsókn er samþykkt.

Jóhann kom aftur til fundar

12. Menntastyrkir

- a) Anna Bryndís Tryggvadóttir, Brekku.

Samþykkt, styrkur vegna námsskeiðs kr. 50.250.

Lárus vék af fundi vegna vanhæfis. Gunnþórunn tók við fundarritun.

- b) Sigríður Björnsdóttir, Droplaugarstöðum. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 190.000,-

Lárus kom aftur til fundar og tók við fundarritun.

13. Fundargerðir

- a) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 23.11 2018, ásamt uppfærðum samningi. Kynnt.

- b) Skólaskrifstofa Austurlands 23.11 2018. Kynnt.

- c) Samgöngunefnd SSA 25.10 2018.Kynnt.

- d) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökluþjóðgarðs 23.10 2018.Kynnt.

14. Önnur mál

- a) Skoðuð hreindýraarðskrá . Heildararður af hreindýraveiðum 14.900.000 þús.kr, í Fljótisdalshreppi árið 2018.

- b) Sveitarstjórn samþykkir sem vinnureglu, að fundir sveitastjórnar og nefnda sem eru lengri en 5 klukkutímar teljist sem 2 fundir.

- c) Persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins spyr hvort gerð sé athugasemd við að verkefnaáætlun seinki um 2 mánuði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við það.

- d) Á vegum samfélagsnefndar sveitarfélagsins var sótt um styrk frá Uppbyggingarsjóði Austurlands vegna 3ja málþinga sem til stendur að halda.

- e) Sveitarstjórn samþykkir að ráða Sigurborgu Hannesdóttur hjá ILDI um að halda utan um íbúáþing sem stendur til að halda á næsta ári og vinna með samfélagsnefnd að undirbúningi þess.

f) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 8. janúar 2019.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:15

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)